

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 471/2014 um skipulagskröfur rekstrarfélaga verðbréfasjóða (þ.m.t. um hagsmunaárekstra, viðskiptahætti, áhættustýringu og inntak samkomulags milli vörslufyrirtækis og rekstrarfélags).

1. gr.

Orðin „fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði“ í 1. mgr. 1. gr., iii-lið a-liðar 1. mgr. og b-lið 4. mgr. 12. gr., 5. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 46. gr. reglugerðarinnar falla brott.

2. gr.

2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

3. gr.

Á eftir 1. másl. 1. mgr. 37. gr. reglugerðarinnar kemur nýr málslíður svohljóðandi: Rekstrarfélag skal ekki reiða sig einungis eða kerfisbundið á lánsþæfismöt lánsþæfismatsfyrirtækja við mat á lánsþæfi eigna hvers sjóðs.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 64. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, öðlast þegar gildi.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 3. júní 2020.

F. h. r.

Guðrún Þorleifsdóttir.

Elísabet Júlíusdóttir.